




STEINSHOLT



BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI HORNAFJARÐAR

Skipulags- og matslýsing

22.03.2017



ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RYNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Eva Dís Þórðardóttir	21.03.17	Ásgeir Jónsson	22.03.17	Eva Dís Þórðardóttir	22.03.17
02	Eva Dís Þórðardóttir	22.03.17	Gunnlaugur Róbertsson	03.04.17		
	Lýsing					

EFNISYFIRLIT

TÖFLUSKRÁ4

1	ALMENNT	5
1.1	Skipulags- og matslýsing	5
1.2	Forsendur og tilgangur breytinga	5
1.3	Tengsl við aðrar áætlanir	6
1.3.1	Landsskipulagsstefna	7
1.3.2	Gildandi aðalskipulag	7
2	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	9
3	MATSLÝSING	18
3.1	Matsskylda áætlunarinnar	18
3.2	Tengsl við aðrar áætlanir	18
3.3	Umhverfismatið	18
3.4	Valkostir	19
3.5	Umhverfisþættir og áherslur	19
4	SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ	21
4.1	Ferlið	21
4.2	Umsagnaraðilar	22
4.3	Samráðsaðilar innan stjórnarsýslu Hornafjarðar	22

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Yfirlit yfir stöðu gistirýma í sveitarfélaginu út frá fyrirliggjandi gögnum.	6
Tafla 2	Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.	19

1 ALMENNT

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir nokkrar breytingar á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012- 2030 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki liggur fyrir hvort þær verða lagðar fram í einni sameiginlegri aðalskipulagsbreytingu eða skipt upp í fleiri breytingar.

Á síðasta ári voru auglýstar tvær skipulags- og matslýsingar fyrir sumar af þessum breytingum. Fleiri hafa bæst við og sveitarfélagið hefur aflað sér frekari gagna varðandi fjölda gistirýma. Sveitarfélagið hefur einnig farið að ábendingu Skipulagsstofnunar sem barst með bréfi 14.10.2016 um að hefja endurskoðun ferðamannakafli í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að kynna lýsingu að þeirri endurskoðun í maí/júní 2017. Vegna þessara breyttu forsendna ákvað sveitarfélagið að hefja málsmeðferð að nýju fyrir þessar breytingar sem hér verður fjallað um.

1.1 Skipulags- og matslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.

1.2 Forsendur og tilgangur breytinga

Sveitarfélagið Hornafjörður er landstórt sveitarfélag sem er þess kostum gætt að hafa fjölmarga áhugaverða staði fyrir ferðmenn sem skilgreindir eru sem seglar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Aðalskipulag sveitarfélagsins er ekki gamalt en sú hraða þróun sem orðið hefur vegna komu ferðamanna til landsins og sveitarfélagsins kallar á breytingar á skipulaginu til að anna eftirspurn fyrir gistirými.

Breytingarnar sem um ræðir eru á 16 stöðum og taka aðallega um heimild fyrir gistirýmum og veitingasölu. Ein breyting er vegna uppbyggingar smávirkjunar og önnur vegna tengivirkis.

Framboð á gistingu í sveitarfélaginu er fjölbreytt allt frá hótélum yfir í heimagistingu. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu Hornafirði í desember 2016 voru alls 979 gistirými skráð í sveitarfélaginu auk nokkurra gististaða þar sem fjöldi gistirýma er ekki gefinn upp. Í töflu nr. 1 má sjá yfirlit yfir tegund gistingar, fjölda þeirra og fjölda gistirýma.

TAFLA 1. Yfirlit yfir stöðu gistirýma í sveitarfélaginu út frá fyrirliggjandi gögnum.

TEGUND GISTINGAR	FJÖLDI	GISTIRÝMI
Hótel	9	521
Gistiheimili	25	308
Heimagisting	17	4 gefa upp gistirýmafjölda, samtals 22
Farfuglaheimili, gistihús og svefnpokaþláss	9	a.m.k 99
Íbúðir	12	29 herbergi
Tjaldstæði	8 - Skaftafelli, Svínafelli, Gerði, Hrollaugsstöðum, Stafafelli, Haukafelli, við Horn og á Höfn	-

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var heildarfjöldi gistinátta í sveitarfélaginu Hornafirði rúmlega 267.500 árið 2015 (verður uppfært þegar tölur fyrir 2016 liggja fyrir). Töluverður munur er á skráðum fjölda gistinátta og upplýsingum í skýrslu sem unnin var af Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf (RRF) um ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu 2004-2015. Skýrslan byggir á ýmsum könnunum meðal ferðamanna sem RRF hefur unnið, en þar voru erlendar gistinætur í Austur-Skaftafellssýslu áætlaðar 392 þúsund árið 2015, eða um 4,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Í skýrslu Ferðamálastofu „Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum, maí 2016“ má finna mikilvægar tölur um gistinætur fyrir landið í heild og eftir landsvæðum. Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir Austurlandi í þessum tölum en aftur á móti er sveitarfélagið aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Það er óheppilegt að flokka Hornafjörð með Austurlandi og gefur ekki rétta mynd af nýtingu gistirýma þar sem sveitarfélagið fær talsverðan hluta ferðamanna sem fara um Suðurland. Þetta verður skoðað nánar í endurskoðun ferðamálaþakkafla aðalskipulagsins.

Helstu tölur úr skýrslu Ferðamálastofu varðandi nýtingu gistirýma yfir allt árið á Austurlandi árið 2014 var að á svæðinu var 35% nýting og var fjöldi gistirýma 1.445. Árið 2015 hækkaði hlutfallið upp í 40% nýtingu. Yfir hásumar fór nýtingin árið 2015 upp í rúmlega 90%. Tölurnar fyrir árið 2017 munu hækka og finnur sveitarfélagið fyrir aukinni eftirspurn fyrir heilsárs- gistirýmum af öllum toga.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytinganna verður ítarlegra farið yfir forsendur og þörf fyrir gistirými.

1.3 Tengsl við aðrar áætlanir

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.

1.3.1 Landsskipulagsstefna

„4.1 Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“

Sérstaða Hornafjarðar er að sveitarfélagið er landstórt með fjölda segla í ferðaþjónustunni. Breytingarnar eru til þess gerðar að dreifa ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og að tryggja þjónustu fyrir ferðamenn í gengum allt sveitarfélagið. Sveitarfélagið sér að oft er langt á milli gististaða eins og staðan er í dag og hefur verið skortur á gistiryfum. Breytingarnar sem snúa að ferðaþjónustu stuðla einnig að því að bændur í sveitarfélaginu geti styrkt stöðu sína með ferðaþjónustu. Breytingarnar eru taldar vera í samræmi við setta stefnu varðandi ferðaþjónustu í dreifbýli skv. landsskipulagsstefnunni.

1.3.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er eitt megin stefnumarkmiðið eftirfarandi:

„Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulag stuðli að því.“

Í gildandi aðalskipulagi er stefna um uppbyggingu vegna ferðaþjónustu eftirfarandi:

„Stefna aðalskipulagsins er að ferðaþjónusta í sveitum Hornafjarðar verði aukin og eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum.

Ferðaþjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum, allt að 16 gistirými.


Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði“. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar sem er gert ráð fyrir hótélrekstri í sveitum.



Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa þarf þessa mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.

2 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI



Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að landnotkun á 16 stöðum verður breytt, yfirleitt úr landbúnaðarlandi yfir í verslunar- og þjónustusvæði. Oft er um að ræða gistingu í núverandi húsnæði og/eða litum húsum, sem henta 2 til 8 gestum hvert fyrir sig – hér nefnd gestahús. Þá er einnig um stærri gistihús/hótel að ræða auk þess sem oft er stefnt að veitingarekstri samhliða.

Breyting á aðalskipulagi verður fyrir eftirfarandi svæði:



SVÆÐI	LÝSING	BREYTING OG FYRIRHUGUÐ NÝTING SVÆÐIS	ÚR GILDANDI AÐALSKIPULAGI
Ferðapjónusta			
1. Svínhólar	Svínhólar er lögbýli. Á landinu er skráð íbúðarhús og um 11 ha ræktað land.	<p>Landnotkun breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á allt að 5 ha svæði.</p> <p>Áætluð er gisting fyrir allt að 200 gesti og veitingapjónusta. Byggt verður upp í Össurárdal. Framkvæmdin er væntanlega tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sbr. lögum nr. 106/2000 lið. 12.05 í 1. viðauka, hótél utan þéttbýlis.</p>	



<p>2. Hvammur í Lóni</p>	<p>Hvammur er lögbýli með fasta búsetu. Á landinu er íbúðarhús, hlöður, fjárhús, fjós o.fl. sem tilheyrir búrekstri. Skráð ræktarland er 29,7 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha svæði.</p> <p>Gisting í gestahúsum sem eru með um 40 gistirými ásamt þjónustuhúsi og verslun.</p>	
<p>3. Þorgeirsstaðir í Lóni</p>	<p>Þorgeirsstaðir er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á svæðinu er íbúðarhús auk útihúsa. Skráð ræktarland er 25,8 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 3 ha svæði.</p> <p>Á um 1 ha svæði verður landnotkun breytt úr landbúnaðarlandi í afþreyingar- og ferðamannasvæði.</p> <p>Gisting með allt að 30 gistirýmum ásamt verslun og þjónustu.</p> <p>Tjaldsvæði ofan vegar ásamt þjónustubýggingu.</p>	



<p>4. Horn í Nesjum</p>	<p>Horn er lögbýli með fastri búsetu á býlinu er íbúðarhús, hesthús, geymsla og skemma. Skráð ræktarland er 4,5 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 10 ha svæði.</p> <p>Gisting með allt að 60 gistirýmum ásamt tjaldstæði og þjónustuhúsi með veitingar.</p>	
<p>5. Sauðanes í Nesjum</p>	<p>Sauðanes er lögbýli á jörðinni er íbúðarhús, hesthús, hlöður, votheysturn, gripahús og verkfærageymsla. Skráð ræktarland er 32,9 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 1 ha svæði.</p> <p>Gisting með allt að 15 gistirýmum í núverandi húsakosti.</p>	

<p>6. Birkifell í Nesjum</p>	<p>Birkifell er 3,5 ha lands með einbýlishúsi og frístundarhúsi. Rekin hefur verið ferðapjónusta bænda á svæðinu undanfarin ár.</p>	<p>Gert er ráð fyrir að V13 stækki, m.a. til að heimila með lögformlegum hætti þá starfsemi sem er á svæðinu. Gisting með allt að 10 gistirýmum í núverandi húsi og gestahúsum.</p>	 <p>V13- Hoffell/Miðfell. Ferðapjónusta, gisting og greiðasala, upplýsingamiðstöð. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gistirými. Í Hoffelli er bændakirkja. Uppbygging vegna kirkjustarfsins heimil.</p> <p>Svæðisafmörkun ~ 10 ha</p>
<p>7. Nýpugarðar á Mýrum</p>	<p>Lögbýli með fastri búsetu, á jörðinni er íbúðarhús, svínahús, geymsla og gistihús. Skráð ræktarland er 6 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 3 ha svæði.</p> <p>Gisting með allt að 30 gistirýmum ásamt greiðasölu.</p>	

<p>8. Leiti í Suðursveit</p>	<p>Lögbýli án fastrar búsetu, á jörðinni er íbúðarhús, fjós, fjárhús, hesthús, hlöður og geymslur. Skráð ræktarland er tæpir 24 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um ~3 ha svæði.</p> <p>Gera á upp íbúðarhús og byggja upp ferðaþjónustu. Gisting með allt að 30 gistirýmum ásamt greiðasölu.</p>	
<p>9. Hafnarnes</p>	<p>Lögbýli með fasta búsetu, á jörðinni er íbúðarhús. Skráð ræktarland er 63,4 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði til að geta haft ferðaþjónustu á svæðinu.</p>	

<p>10. Suðurhús</p>	<p>Byggt úr landi Borgarhafnar. Unnið er að skráningu minja á svæðinu. Landið er landbúnaðarsvæði, að hluta ræktað land.</p>	<p>Gisting í gestahúsum fyrir allt að 120 gesti (um 40 hús) Unnið er að skráningu fornminja á svæðinu.</p>	
<p>11. Skjólshólar</p>	<p>Ekki er föst búseta á þessum hluta Dilksness.</p>	<p>Byggð verða gestahús fyrir allt að 30 gesti..</p>	

<p>12. Skaftafell III – IV –</p>	<p>Landnotkun breytt úr landbúnaðarsvæði /skógræktar- og landgræðslusvæði í blandaða byggð verslunar- og þjónustu með heimild til íbúðabygðar.</p>	<p>Gisting fyrir allt að 70 gesti í gestahúsum, samtals um 1500m².</p> <p>Allt að 10 íbúðir til fastrar búsetu fyrir starfsmenn samtals allt að 1.000m².</p> <p>Þjónustuhús, veitingar/upplýsingar vegna ferðabjónustu á svæðinu, allt að 3.000m²</p>	
<p>13. Reynivellir 2 í Suðursveit</p>	<p>Reynivellir 2. er skráð með útihús og ræktað land um 26 ha.</p>	<p>Gisting fyrir allt að 200 gesti (100 rými).</p> <p>Framkvæmdin er væntanlega tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sbr. lögum nr. 106/2000 lið. 12.05 í 1. viðauka, hótél utan þéttbýlis.</p>	

<p>14. Flatey</p>	<p>Lögbýli með fastri búsetu á jörðinni er íbúðarhús, geymsla, lausagöngufjós og annað sem tileyrir búrekstri. Skráð ræktað land er 59 ha.</p>	<p>Landnotkun á hluta lögbýlis breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um ~3 ha svæði.</p> <p>Gistirými; allt að 60 herbergi, tjaldstæði, með tilheyrandi hreinlætisaðstöðu og húsnæði fyrir starfsfólk.</p>	
<p>Aðrar breytingar</p>			
<p>15. Birnudalur - smávirkjun</p>	<p>Birnudalsá er í landi Kálfafells. Landnotkun breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði</p>	<p>Gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir allt að 2 MW vatnsaflsvirkjun. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. sé hún yfir 200kW.</p>	

<p>16. Hnappavellir – tengivirki</p>	<p>Jörðin Hnappavellir í Öräfum er að hluta til óskipt land.</p>	<p>Fyrirhugað er tengivirki í eigu Landsnets til að þjóna uppbyggingu í Öräfum.</p> <p>Allt að 1 ha iðnaðarsvæði verður afmarkað í landi Hnappavalla. Lóðin verður austan til í landi Hnappavalla fyrir neðan þjóðveg 1 nokkrum hundruð metrum fyrir austan Hólá.</p>	
--------------------------------------	--	---	--

3 MATSLÝSING

Þessi lýsing gerir grein fyrir 16 breytingum á aðalskipulagi, sumar falla undir lög nr. 105/2006 og aðrar ekki. Því er einnig sett fram matslýsing samkvæmt lögum nr. 105/2006 og samkvæmt skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í kaflanum er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismatinu og helstu áherslum matsvinnunnar.

3.1 Matsskylda áætlunarinnar

Breytingarnar falla sumar undir lög nr. 105/2005 þar sem þær marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Mögulegar framkvæmdir sem falla undir þennan flokk eru m.a.;

- Hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis skv. lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000
- Varanleg tjaldstæði sem eru allt að 10 ha skv. lið 12.07 í 1. viðauka laga nr. 106/2000

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

3.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingarnar verður gerð grein fyrir tengslum og samræmis við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla. 1.2.

3.3 Umhverfismatið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdráttu til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum grunnástand umhverfis.

3.4 Valkostir

Einungis er fjallað um breytt skipulag og það borið saman við núllkost, sem er að ekkert verður aðhafst og engin frekari uppbygging verði á gistirýmum á þessum svæðum. Til greina kemur að meta valkosti fyrir einhverjar breytingar en á þessu stigi liggja ekki aðrir kostir fyrir. Umhverfismatið verður nýtt til að meta hvort aðrir kostir komi til greina.

3.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 2. Í umhverfismati fyrir breytingarnar verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Hornafjarðar ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstafla.

TAFLA 2 Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Jarðfræði og jarðmyndanir	Munu breytingarnar fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?
Gróður og dýralíf	Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?
Landnotkun	Munu breytingarnar hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands? Munu breytingarnar hafa áhrif á notkun svæða til útivistar? Munu breytingarnar hafa áhrif á verndarsvæði?
Ásýnd og landslag	Munu breytingarnar hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingarnar hafa sjónræn áhrif? Munu breytingarnar hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Munu breytingarnar hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?
Minjar	Munu breytingarnar hafa áhrifa á friðlýstar fornminjar? Munu breytingar hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ?
Náttúruvá og öryggi	Er hættu á flóðum vegna jökulhlaupa á svæðum þar sem fyrirhuguð er uppbygging? Munu breytingarnar hafa áhrif á tengingar við þjóðveginn út frá

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSPURNING
	umferðaröryggi?

4 SKIPULAGS – OG MATSFERLIÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessari er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytinganna. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vef Hornafjarðar <http://www.hornafjordur.is>. Lýsingin mun liggja frammi á vefsíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu þess að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 30.04.2017 á skrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn, eða á netfangið gunnlaugur@hornafjordur.is.

Gert er ráð fyrir að leggja fram tillögu að breyttu aðalskipulagi í einni til fimm breytingum sem verða kynntar og auglýstar í apríl/maí mánuði 2017. Tillögur að breyttu aðalskipulagi eru misviðamiklar og því er ekki gert ráð fyrir að þær verði samtímis í lögformleguferli.

Samhliða er vinna hafin við að endurskoða stefnu aðalskipulagsins varðand ferðamál innan sveitarfélagsmarka. Gert er ráð fyrir að leggja fram breytta stefnu á haustmánuðum og verður lýsing breytingarinnar kynnt í maí/júní 2017.

4.1 Ferlið

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu, ekki er sett tímalína fyrir breytingarnar þar sem þær koma ekki til með að vera keyrðar áfram í lögformlega ferlinu samtímis. Tímaramminn mun vera u.þ.b. frá apríl til október 2017.

- Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
- Tillögur að breyttu aðalskipulagi verða kynntar (sbr.2.mgr. 30 gr. skipulagslaga) með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélags, eftir atvikum á opnu húsi áður en þær verða samþykktar til auglýsingar í skipulagsnefnd/sveitarstjórn.
- Tillaga að breytingum tekin fyrir í bæjarstjórn að undangenginni umræðu í skipulagsnefnd og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur allt að 4 vikum til að gera athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.
- Tillaga auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.

- Tillaga afgreidd í bæjarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum
- Gildistaka aðalskipulagsbreytinga auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

4.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin/Siglingastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Landsnet
- Ferðamálastofa
- Forsætisráðuneyti

4.3 Samráðsaðilar innan stjórnsýslu Hornafjarðar

Eftirtaldar nefndir verða beðnar að gefa umsögn um skipulagstillögurnar eftir þörfum:

- Bæjarstjórn
- Umhverfisnefnd
- Atvinnumálanefnd